



# FRÉTTABRÉF

## FRÁ SVEITARSTJÓRN

### SVEITARSTJÓRNARFUNDIR

Frá síðasta fréttabréfi hafa farið fram þrjár fundir sveitarstjórnar. Á fundi sveitarstjórnar nr. 369 var samþykkt að Hvalfjarðarsveit myndi taka þátt í stofnun safnaklasa Vesturlands sem hluthafi í Byggðasafninu á Görðum og Snorrastofu. Sveitarstjórn samþykkti einnig verktakasamning við Sólveigu Sigurðardóttur vegna innleiðingar laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Á sama fundi var fundarboð landsþingsins Sambands íslenskra sveitarfélaga lagt fram. Þingið mun fara fram föstudaginn 31. mars nk. á Grand hóteli, Reykjavík.

Á 370. fundi sveitarstjórnar var samþykkt að ganga frá verksamningi við Önnu Rún Kristbjörnsdóttur, garðyrkjufraeðing, um verk á útivistarsvæðinu í Melahverfi. Heildarkostnaðaráætlun verksins eru kr. 5.217.216.- sem innifelur kostnað við plöntur, flutning þeirra, undirbúning og gróðursetningu, frágang og efniskostnað. Í framkvæmdaáætlun ársins 2023 var gert ráð fyrir fjármunum til þessa verkþáttar við útivistarsvæðið í Melahverfi. Á sama fundi var einnig samþykkt að fela verkefnastjóra framkvæmda og eigna að leita eftir tilboðum í hönnunar- og útboðsgögn vegna göngustígs á milli gatnanna Innrimels og Hagamels í Melahverfi og ganga frá verksamningi vegna þess.

Sveitarstjórn samþykkti á 370. fundi hönnunargögn og kostnaðaráætlun fyrir nýtt íþróttahús. Verkefnastjóra framkvæmda og eigna, ásamt formanni Mannvirkja- og framkvæmdanefndar var falið að klára útboðskafla verksins með ráðgjöfum verkefnisins. Sveitarstjórn samþykkti jafnframt að verkið yrði boðið út á grundvelli þeirra gagna.

Útboð á skólaakstri var tekið fyrir á fundi nr. 370 og samþykkti sveitarstjórn tillögu fræðslunefndar um að framlengja samningi við Skagaverk ehf. um skólaakstur í samræmi við ákvæði samningsins þar um. Hægt er að framlengja samningnum þrisvar sinnum í eitt ár í senn og er þetta fyrsta framlenging.

Á 371. fundi sveitarstjórnar var ársreikningur Hvalfjarðarsveitar vegna ársins 2022 lagður fram til fyrri umræðu.

Hægt er að lesa stutta samantekt í fundargerðinni sem og hlusta á hljóðupptöku fundarins þar sem Linda Björk Pálsdóttir, sveitarstjóri, fer yfir ársreikninginn. Líkt og áður verður ársreikningurinn birtur á heimasíðu sveitarfélagsins að lokinni síðari umræðu hans er fara mun fram á næsta sveitarstjórnarfundum þann 22. mars nk. kl. 17 en athygli er vakin á breyttri tímasetningu fundarins sem mun hefjast kl. 17 í stað kl. 15 vegna aðalfundar SSV. Finna má fyrri ársreikninga sveitarfélagsins á heimasíðu sveitarfélagsins, sjá [hér](#).

Á sama fundi samþykkti sveitarstjórn erindisbréf fyrir Öldungaráð Hvalfjarðarsveitar. Öldungaráð skal skipað sjö fulltrúum, þar af skulu þrjár fulltrúar og þrjár til vara kosnir af sveitarstjórn. Eftirfarandi fulltrúar voru skipaðir, aðalmenn: Andrea Ýr Arnarsdóttir, Helga Jóna Björgvinsdóttir og Helgi Pétur Ottesen. Varamenn: Sæmundur Rúnar Þorgeirsson, Helga Harðardóttir og Bára Tómasdóttir. Þrjár fulltrúar og þrjár til vara skulu svo tilnefndir af félagi eldri borgara. Fulltrúar þurfa ekki að vera félagsbundnir en verða að vera 67 ára og eldri. Á meðan ekki er starfandi félag eldri borgara í sveitarfélaginu þá skal auglýst eftir áhugasömum, 67 ára og eldri til setu í ráðinu, í samstarfi við félagsstarf aldraðra. Einn fulltrúi og einn til vara situr svo í ráðinu frá heilsugæslunni.

Á 371. fundi sveitarstjórnar lágu fyrir nokkur aðalfundarboð, um er að ræða aðalfund SSV sem verður haldinn miðvikudaginn 22. mars nk. á Hótel Hamri. Sama dag eru jafnframt aðalfundir Starfsendurhæfingar Vesturlands, Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands, Heilbrigðisnefndar Vesturlands og Sorpurðunar Vesturlands hf.

Ýmis önnur mál, sem ekki er getið hér, hafa einnig verið tekin fyrir ásamt fundargerðum nefnda og afgreiðslumálum frá þeim og hvetjum við áhugasama að skoða fundargerðir nefnda og sveitarstjórnar sem finna má [hér](#) og á heimasíðu Hvalfjarðarsveitar.



Öskudagur í stjórnsýsluhúsinu



## BARNVÆNT SVEITARFÉLAG

Sveitarstjórn samþykkti á sveitarstjórnarfundum nr. 371 að taka þátt í verkefninu "Barnvænt sveitarfélag".

Kynning á verkefninu hefur farið fram innan sveitarfélagsins og var verkefnið kynnt sérstaklega fyrir Ungmennaráði og það haft með í ráðum við ákvarðanatöku um þátttöku í verkefninu. Ungmennaráð sveitarfélaganna spila gríðarlega stórt hlutverk í innleiðingu verkefnisins og því er mjög mikilvægt að ungmennaráðið sé haft með í ráðum frá upphafi og að þau ungmenni sem þar sitji séu tilbúin að hefja þessa vegferð.

Í ungmennaráði í Hvalfjarðarsveit sitja: Anton Teitur Ottesen, Rakel Sunna Bjarnadóttir, Mikael Bjarki Ómarsson, Friðmey Ásgrímsdóttir og Kinga Korpak. Tilgangur ráðsins er að skapa vettvang fyrir ungt fólk til að koma skoðunum sínum og tillögum á framfæri til viðeigandi aðila í stjórnkerfi sveitarfélagsins. Ungmennaráð Hvalfjarðarsveitar skal vera sveitarstjórn og nefndum sveitarfélagsins til ráðgjafar um málefni sem varðar ungmenni og skal sveitarstjórn hafa við það samráð í þeim málefnum. Eitt meiginhlutverk ráðsins er að þjálfa ungt fólk í lýðræðislegum vinnubrögðum og kynna fyrir þeim stjórnsýsluleg vinnubrögð, auk þess að efla tengsl milli ungmenna og auka tengsl þeirra og áhrif í stjórnkerfi sveitarfélagsins.

Barnvæn sveitarfélög er verkefni sem styður sveitarfélög við að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í alla sína stjórnsýslu og starfsemi. Að sveitarfélag innleiði Barnasáttmálann þýðir að það samþykki að nota sáttmálann sem viðmið í sínu starfi og að forsendur sáttmálans gangi sem rauður þráður gegnum starfsemi þess. Líkja má innleiðingunni við að starfsmenn og stjórnmalamenn sveitarfélagsins setji upp „barnaréttindagleraugu“ og rýni og skoði verk- og ákvarðanaferla með hliðsjón af sáttmálanum. Sáttmálinn er þannig nýttur sem gæðastjórnunarverkfæri í stefnumótun og þjónustu með tilliti til barna. Barnvænt sveitarfélag skuldbindur sig til þess að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og vinna markvisst eftir hugmyndafræði verkefnisins – sem byggir á eftirfarandi grunnþáttum:



Innleiðing Barnvænna sveitarfélaga felur í sér átta skref sem miða að því að virða og uppfylla réttindi barna. Innleiðingarhringur Barnvænna sveitarfélaga inniheldur þessi átta skref, sjá mynd hér að ofan.

Nánar má lesa um barnvænt sveitarfélag [hér](#).

## SVEITARFÉLAGIÐ OKKAR – SAGAN OG STAÐAN.

Hvalfjarðarsveit varð til 1. júní 2006 með sameiningu fjögurra hreppa sem oft voru kallaðir “hrepparnir sunnan Skarðsheiðar.” Þetta voru Hvalfjarðarstrandarhreppur, Skilmannahreppur, Leirár- og Melahreppur og Innri-Akraneshreppur. Hvalfjarðarsveit nær frá Hvalfjarðarbotni í austri, Skorradal í norðri, Borgarfjarðarbrú í vestri og Akranesi í suðri.

Í sveitarfélaginu eru nokkrir þéttbýliskjarnar, Melahverfi, Hlíðarbær og Krossland. Íbúar sveitarfélagsins voru 760 í marsbyrjun. Í sveitarfélaginu er sameiginlegur leik- og grunnskóli sem starfræktur er á tveimur stöðum. Leikskólinn Skýjaborg er í Melahverfi með 40 börn á aldrinum 1-6 ára og grunnskólinn Heiðarskóli sem staðsettur er við Leirá með um 90 nemendur í 1.-10. bekk. Íþróttamiðstöðin Heiðarborg er staðsett við Heiðarskóla en þar er sundlaug, íþróttasalur og líkamsræktarsalur. Stjórnsýsluhús Hvalfjarðarsveitar er staðsett við Innrimel 3, í Melahverfi en í sama húsi er jafnframt Heilbrigðiseftirlit Vesturlands.



## NÝTT ÍPRÓTTAHÚS Í HVALFJARÐARSVEIT

Mikil forvinna og undirbúningur hefur farið fram er varðar nýtt íþróttahús í Hvalfjarðarsveit. Í fundargerðum þáverandi sveitarstjórnar og nefnda má finna bókanir allt frá upphafi ársins 2019. Mikil vinna hefur verið lögð í málið, undirbúningsvinna sem og þarfagreining meðal annars með hagsmunaaðilum sem nýta núverandi íþróttamannvirki í Hvalfjarðarsveit. Úttekt á núverandi aðstöðu í Heiðarborg, könnun jarðvegsaðstæðna, umfjöllun í nefndum, forhönnun, hönnunarteikningar, útbúið frumkostnaðarmat, heildarhönnun verkfræði- og landslagshönnun ásamt ýmsu öðru.

Í mars 2021 bókaði þáverandi sveitarstjórn eftirfarandi:

“Hvalfjarðarsveit hyggur á byggingu nýs íþróttahúss í sveitarfélaginu. Lagt hefur verið í vinnu við greiningu á þörf og staðsetningu slíkrar byggingar. Stefnt er að því að byggja hagkvæmt og vel útfært mannvirki sem nýtist vel og uppfyllir fyrirsjáanlegar þarfir sveitarfélagsins og íbúa þess til næstu áratuga fyrir skóla-, íþrótt-, tómstunda-, félags- og samkomustarf. Unnið verður að því að mannvirkið verði hagkvæmt í rekstri en einnig að líftími þess verði sem lengstur og hagkvæmastur. Gerð hefur verið úttekt á núverandi íþróttamannvirkjum í Heiðarborg og var gert yfirlit yfir stöðu viðhaldsmála og listuð upp helstu vandamál er snúa að viðhaldi. Þar kemur fram að Heiðarborgar bíða töluvert umfangsmiklar viðhaldsframkvæmdir hvort sem þar verður byggt íþróttahús eður ei. Þá er ekki einungis horft til íþróttasalarins heldur miðstöðvarinnar í heild sinni. Er það mat ráðgjafa að með þeim viðhaldsframkvæmdum sem lagt er til að farið verði í muni íþróttamiðstöðin nýtast vel undir núverandi starfsemi. Stefnt yrði að því að nýta þau rými sem fyrir eru óbreytt eða þeim breytt til hagræðis við þá nýbyggingu sem byggð yrði við Heiðarborg.

Lagt var mat á kosti þess að byggja íþróttahús sem viðbyggingu við núverandi mannvirki að Heiðarborg eða byggja nýtt mannvirki í Melahverfi. Það er mat sveitarstjórnar að mannvirkið skuli rísa sem viðbygging við núverandi mannvirki að Heiðarborg og eru mörg rök fyrir því. Nálægðin við Heiðarskóla þar sem mesta notkunin á húsinu verður íþróttakennsla grunnskólabarna. Rísi mannvirkið í Melahverfi þyrfti að keyra öllum grunnskólabörnum í íþróttakennslu. Það er kostnaður sem myndi bætast á sveitarfélagið auk þess er það umhverfismál að fækka ferðum skólabíla um sveitarfélagið.

Nálægðin við Heiðarskóla einfaldar notkun á íþróttamannvirkjum sveitarfélagsins bæði fyrir tómstundarstarf skólabarna og mögulegra íþróttæfinga í beinu framhaldi af lokum skóladegi. Rekstrarkostnaður við það að halda úti íþróttamannvirkjum á tveimur stöðum væri mikill þar sem halda þyrfti úti tvöföldum fjölda starfsfólks til þjónustu á opnunartímum. Líklegt verður að teljast að byggingarkostnaður verði lægri við það að byggja við Heiðarborg þar sem þau rými sem nú þegar eru til staðar nýtast áfram ýmist óbreytt eða aðlögðu að þeirri starfsemi sem hönnuð verður. Samneyti við sundlaugina í Heiðarborg er að sjálfsögðu stór kostur bæði fyrir skólastarf og íbúa sem koma til með að nota mannvirkin hvort sem er til íþróttastarfs, félagsstarfs eða heilsubótar. Nýbygging í Melahverfi yrði að sjálfsögðu að innihalda öll rými sem þörf og reglugerðir gera ráð fyrir og ekki nýtast með öðru húsnæði. Samkvæmt deiliskipulagi Heiðarskóla- og Heiðarborgarsvæðisins er gert ráð fyrir frekari byggingarreitum við Heiðarborg og kallar svona framkvæmd því ekki á endurskoðun á skipulagi svæðisins.”







## ÚRGANGSMÁL - FLOKKUN OG FRÆÐSLA

Frá og með 17. mars 2023 ættu öll heimili í Hvalfjarðarsveit, svo fremi sem aðstæður (veður og færð) leyfa, að vera komin með fjögurra tunnna sérsöfnuð við heimili með eftirtöldum úrgangsflokkum: Pappír/pappi, plast, lífúrgangur og þurfa þessir úrgangsflokkar að fara hver í sitt ílátið (pappír og plast geta ekki lengur farið saman í tunnu). Áfram verður blönduðum úrgangi safnað við heimili þar sem ýmislegt endar þar eins og einnota bleyjur og ryksugupokar.

Málmum, gleri og textíl verður safnað á grenndarstöð við Melahverfi. Gámarnir eru væntanlegir og verður send út tilkynning þegar þeir verða komnir í gagnið. Sveitarfélagið mun einu sinni á ári bjóða upp á sérstaka söfnun spilliefna. Það verður auglýst sérstaklega. Klippikort fyrir endurvinnslustöð Gámu að Höfðaseli 16 er áfram hægt að nálgast á skrifstofu sveitarfélagsins.

**Plastumbúðir:** Í nýju tunnuna fara allar umbúðir úr hörðu og/eða mjúku plasti, t.d. plastpokar, hreinsiefnabrúsar, skyrdósir og plastfilmur.

**Pappír/pappi:** Í eina af þessum fjórum tunnnum, fer pappír og pappi. Eins og áður flokkast eftirfarandi í þann flokk: dagblöð, tímarit, umslög, skrifstofupappír, bylgjupappi, fernur og aðrar umbúðir.

**Lífúrgangur, matarleifar:** Í brúnu tunnuna fara áfram matarleifar og kaffikorgur, tannstönglar og servíettur.

**Blandaður úrgangur:** Óendurvinnanlegur úrgangur eins og bleyjur, ryksugupokar og tyggjó.

Íbúar í Hvalfjarðarsveit hafa staðið sig vel í að flokka og hefur lífúrgangi t.d. verið safnað síðan árið 2010 og því eru breytingarnar umfangsminni en hjá mörgum öðrum sveitarfélögum. Við innleiðingu á nýju kerfi bætist við auka ílát ásamt því að allar tunnur verða endurmerktar á þessu ári. Íbúar bera ábyrgð á að festa ílátin. Í dreifbýli verður ílátið fyrir pappír/pappa 660 lítra en 240 lítra annars staðar (eins og verið hefur).

### Hér má sjá nýju, samræmdu flokkunarleiðbeiningarnar:





## KYNNINGAR, FUNDIR OG VIÐBURÐIR

Ýmsar kynningar hafa farið fram síðustu vikur ásamt fundum og viðburðum. Má þar m.a. nefna vel heppnað og skemmtilegt þorrablot Ungmennafélagsins Þrasta í Miðgarði þann 18. febrúar sl. Vinnuhópur vegna innleiðingar laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna hefur fundað reglulega. Stýrihópur um gerð frístundastefnu Hvalfjarðarsveitar er um þessar mundir að leggja lokahönd á stefnuna. Liður í þeirri vinnu er að kynna stefnuna fyrir íbúum til umsagnar, sjá [hér](#).

Fundur um öldrunarþjónustu á Vesturlandi fór fram 20. febrúar sl., þar fór fram kynning á vinnu starfshóps um öldrunarþjónustu á Vesturlandi ásamt kynningu á vinnu og tillögu verkefnisstjórnar um endurskoðun öldrunarþjónustu á landsvísu.

Sveitarstjórn, sveitarstjóra ásamt nefndarmönnum og embættismönnum Mannvirkja- og framkvæmdanefndar og Umhverfis-, skipulags-, náttúruverndar- og landbúnaðarnefndar var boðið í heimsókn í Norðurál þar sem vel var tekið á móti gestum með kynningu á starfsemi ásamt ferð um kerskála og steypuskála.

## ÍPRÓTTASKÓLI Í HEIÐARBORG

Ungmennta- og íþróttafélag Hvalfjarðarsveitar býður upp á endurgjaldslausan íþróttaskóla í mars fyrir börn fædd 2017-2019 í Hvalfjarðarsveit, foreldrar mæti með börnunum. Nemendur í 9. og 10. bekk halda utan um íþróttaskólann gegn framlagi í ferðasjóð þeirra. Fyrsti tíminn fór fram 4. mars kl. 11:30 til 12:30, almenn gleði og ánægja virtist ríkja með framtakið.

Næstu tímar eru eftirfarandi:  
11. mars kl. 11:30 til 12:30  
18. mars. kl. 11:30 til 12:30  
25. mars kl. 14:00 til 15:00



Fyrsti tíminn, 4 mars 2023



Heimsókn í Norðurál

## ANNAÐ

Á heimasíðu sveitarfélagsins er auglýst eftir umsóknum í styrktarsjóð vegna endurbóta á vatnsveitum tengdum íbúðarhúsum. Sjá [hér](#).

Þar er einnig auglýst eftir umsóknum í Menningarsjóð og Íþrótt- og æskulýðssjóð Hvalfjarðarsveitar, umsóknarfrestur í sjóðina er til og með 1. apríl 2023. Sjá [hér](#).

Félagsmálastjóri Hvalfjarðarsveitar í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga hefur unnið að breytingum á umsóknarferli fjárhagsaðstoðar með það að markmiði að einfalda ferlið fyrir notendur. Tekið er á móti umsóknum í gegnum [island.is](https://island.is). Frekari upplýsingar um stafræna fjárhagsaðstoð má lesa [hér](#):

Sveitarstjórn vill minna á og hvetja alla til að skoða og eftir atvikum nýta ábendingahnappinn inni á heimasíðu sveitarfélagsins, sjá [hér](#). Þar gefst íbúum, landeigendum, frístundahúsaigendum og öðrum hagsmunaaðilum kostur á að senda inn ábendingu til sveitarstjórnar eða sveitarfélagsins. Ábending getur varðað hvað sem er, þjónustu, úrbætur, hrós eða annað sem viðkomandi vill koma á framfæri.

**Senda ábendingu**

Við hlökkum til að heyra frá ykkur.

**Bestu kveðjur**  
sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar